



Borgarholtsskóli

Afreksípróttasvið

Lífsstílssamningur

Nemendum Borgarholtsskóla býðst að sækja áfanga á afreksípróttasviði skólans sé umsókn samþykkt og að uppfylltum neðangreindum skilyrðum. Lögð er áhersla á alhliða uppbyggingu einstaklingsins, innan sem utan íþróttar, með heilbrigðan lífsstíl í forgrunni. Nemendur á afreksípróttasviði fá einstakt tækifæri til að samþætta skóla og íþróttaiðkun.

Yfirlýsing nemanda og samþykki forráðamanns

- ✓ Ég undirritaður, nemandi á afreksípróttasviði Borgarholtsskóla samþykki að fara eftir skólareglum Borgarholtsskóla í hvívetna.
- ✓ Ég mun stunda nám mitt af kostgæfni og leggja alúð við mína íþrótt, sýna háttvísi og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama.
- ✓ Ég heiti því að virða í hvívetna reglur ÍSÍ sem meðal annars gilda um veðmál, hagræðingu úrslita og lyfjamisnotkun.
- ✓ Ég mun kappkosta við að vera fyrirmynd annarra nemenda Borgarholtsskóla innan sem utan skólans.

Ríkari krafa er gerð til nemenda sviðsins um skólasókn (95% að lágmarki) en almennt gerist í skólanum. Gegn ofangreindum skuldbindingum og að uppfylltum skilyrðum er veitt leyfi fyrir æfingum, æfingaferðum og keppnisferðum á skólatíma (sjá nánar í reglum um leyfi).

Við brot á reglum sviðsins gildir eftirfarandi

- Viðurlög við brotum á reglum um reykningar, neyslu áfengis og annarra vímuefna (nánar tilgreint í skólareglum) varða brottvísun úr áföngum afreksípróttasviðs. Með undirritun þessa samnings staðfestir undirritaður nemandi og forráðamaður að þeim sé ofangreind viðurlög ljós og una þeim.
- Sé markmiðum um eðlilega námsframvindu skv. skólareglum Borgarholtsskóla eða skólasókn (95% eða hærra til skólasóknareinkunnar) ekki sinnt, fær nemandi skriflega áminningu. Geri nemandi ekki úrbætur getur nemandi verið vísað úr áfanganum án endurgreiðslumöguleika á iðgjöldum.

Dagsetning ____/____/2020

nemendi á afreksípróttasviði veturinn 2020-2021

forráðamaður nemanda (fyrir yngri en 18 ára)

fyrir hönd afreksípróttasviðs Borgarholtsskóla

Sveinn Þorgeirsson, verkefnisstjóri afreksípróttasviðs

